

# Þróunarverkefni lokaskýrsla

## Klippimyndir á leikskólastigi



Heilsuleikskólinn Urðarhóll

Maí 2011

Verkefnastjóri

Sara Mjöll Marteinsdóttir

## Markmið verkefnis

Markmið verkefnisins er að aðlaga klippimyndastarf af áhuga og getu leikskólabarna, þar sem börnin læra að búa til hljóðsetta klippimynd á DVD formi.

## Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Klippimyndir eru nýjung í leikskólastarfi. Með kennslu í klippimyndum samvinnast margvísleg námssvið leikskólastarfsins. Börnin læra að vinna saman og taka tillit til hugmynda hvors annars og komast að sameiginlegri niðurstöðu. Börnin æfa frásögn og leikræna tjáningu með því að talsetja myndina. Einnig læra þau hvernig klippimyndir skapast og gerir þau þar af leiðandi meðvitaðri um hvernig t.d. teiknimyndir eru búnar til. Marteinn Sigurgerisson sem er einn af frumkvöðlum í klippimyndastarfi með grunnskólabörnum og hefur unnið með klippimyndir í grunnskólum í 20 ár, var leiðbeinandi minn með verkefnið.

Verkefnið var unnið með elstu börnunum fædd 2005 á Heilsuleikskólanum Urðarhóli. Unnið var með átta börn á Stubbaseli og var þeim skipt í tvo hópa þar sem fjögur börn voru í hverjum hóp. Einnig var unnið með sex börnum í Skólatröð þar sem þrjú börn voru í hverjum hóp. Unnið var með einn hóp í einu á fimmtudögum kl. 13.00 og tók hver stund um 30-60 mínútur. Unnið var með hvern hóp í 5-6 kennslustundir.

*I kennslustund:* Börnin byrjuðu verkefnið á því að búa til söguþráð við sína mynd. Byrjað var á því að hvert barn valdi eina sögupersónu sem það vildi leika í myndinni. Börnin spunnu síðan sögurnar út frá þessum persónum, passað var upp á að hugmyndir allra barnanna fengu að njóta sín. Börnin á Stubbaseli bjuggu til myndirnar *Skrímlið og eiturslangan* og *Hamingjumyndin*. Börnin á Skólatröð bjuggu til *Knúsí knús* og *Töfrásaga*.



*Skrímlið og eiturslangan*



*Hamingjumyndin*



*Knúsi knús*



*Töfrasaga*

2 kennslustund: Í næstu kennslustund bjuggu börnin til persónur og leikmynd og notuðu til þess verðlaust efni og hluti úr umhverfinu. Þessi leið var notuð þar sem Heilsuleiksskólinn Urðarhóll er umhverfisvænn leikskóli og þar er börnunum kennt að flokka rusl til endurvinnslu. Einnig læra þau að nota hluti úr umhverfinu eins og t.d. skyrdollur, eggjabakka og íspinna til þess að föndra úr. Í *Skrímslið* og *eiturslöngunni* notuðu börnin fjaðrir, snæri, efnisbúta, bómul, tvinnakefli, laufblöð, skeljar, flísar, makkarónur og hrísgrjón. Í *Hamingjumyndinni* notuðu þau LGG flöskur, filmubox, bómul, blöðru, sælgætisbréf, laufblöð, tré, sag, kóktappa og klemmur. Í *Knúsi knús* notuðu börnin lok, steina, flísar, fjaðrir, slaufu, íspinna, tölur og efnisbúta. Í *Töfrasögu* notuðu þau palstherðatré, plastskeiðar, íspinna, klemmur, steina, ull, nammibréf, efnisbúta, flísar og hólk.



*3 kennslustund:* Börnin hjálpuðu til við að taka upp myndina og sáu sjálf um að hreyfa persónurnar og hlutina. Börnin skiptust á að hreyfa leikmyndina og ýta á upptökutakkann á tölvunni. Þessi vinna krefst mikillar þolinmæðar og þegar börnin voru orðin þreytt þá völdu þau sér verkefni á meðan hin börnin voru að taka upp.



*4-6 kennslustund:* Þegar búið var að klippa myndirnar til þá talsettu börnin þær. Börnin töluðu fyrir sína persónu og ákváðu hvað átti að segja. Mikilvægt er að gera þetta í tveimur til þremur kennslustundum þar sem þetta er mikil þolinmæðisvinna og börnin verða þreytt ef þetta tekur of langan tíma. Því er gott að hvíla sig á milli og koma aftur inn full af áhuga. Í lokin mátu börnin verkefnið og voru þau öll sammála um að það væri gaman að gera klippimyndaverkefni.



*Knúsí knús hópurinn að taka upp myndina.*



*Hamingjumyndin talsett.*

Að lokum voru myndirnar sýndar foreldrum. Börnin á Stubbaseli sýndu sína mynd á opnu húsi 11.maí 2011 og sýndu börnin í Skólatröð sína mynd á útskriftinni 25.maí 2011. Börnin fengu síðan eintak af myndunum á DVD disk.

### **Frávik miðað við áætlun verkefnisins**

Í upphafi var ákveðið að vinna með 8 börn á Stubbaseli, 8 börn á Skeljahóli og 8 börn á Sjávarhóli. En þar sem tímaáætlun var mjög þröng, þá mátti ekki verða við töfum á verkefninu. Því var ákveðið að vinna með 6 börn á Skólatröð í staðin fyrir að vinna með 16 börnum á Sjávar- og Skeljahóli. Þessi leið hentaði betur þar sem ekki var alltaf hægt að vinna á fimmtudögum þegar vantaði börn í viðkomandi hóp.

Í byrjun var hugmyndin sú að börnin myndu klippa út úr pappír persónur og leikmynd. En í staðin var ákveðið að notast við verðlaust efni og hluti úr umhverfinu til þess að útbúa leikmyndina. Þetta var gert í samræmi við stefnu leikskólans sem er umhverfisstefna.

### **Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins**

Verkefnið var unnið á fimmtudögum klukkan 13:00. Þær hindranir sem komu upp voru þegar vantaði þau börn sem voru í þeim hóp sem unnið var með. Þetta tafði verkefnið um nokkrar vikur. Því var ákveðið þegar unnið var með hópinn á Skólatröð að byrja strax að vinna með báða hópana í einu og taka þá til skiptis. Þannig valdi ég að vinna með þann hóp af börnum sem mættur var. Þetta tókst mjög vel og náðist því að ljúka við verkefnið á réttum tíma.

Einnig komu upp vandræði með tölvuna sem notuð var þar sem hún var orðin gömul. Skjárinn var hættur að virka og var því ekki hægt að nota hana til þess að halda áfram að vinna verkefnið. Til þess að hægt væri að halda áfram með verkefnið var fengin tölva að láni.

### **Helsti ávinningar af vinnu við verkefnið**

Helsti ávinningurinn voru myndirnar hjá börnunum sem tókust mjög vel til. Verkefnið hefur mikla þýðingu fyrir börnin sjálf, þau höfðu gaman af því að búa til myndirnar og gátu stolt sýnt foreldrum og öðrum afrakstur mikillar vinnu sem þau hafa sjálf gert. Einnig lærðu þau að vinna saman í hóp og taka tillit til skoðana hvors annars og komast að sameiginlegri niðurstöðu.

### **Mat á verkefninu**

Börnin lögðu mat á verkefnið og voru þau öll sammála um að það væri gaman að gera klippimyndaverkefni. Það sem þau nefndu að væri skemmtilegast var að búa til persónurnar og tala inn á myndirnar. Þegar börnin voru spurð af því hvort að þeim hafi fundist eitthvað leiðinlegt við að gera klippimyndina þá svöruðu flest börnin því neitandi og að allt hafi verið skemmtilegt. Tvö börn nefndu það að þeim hafi fundist leiðinlegast „þegar eldmaðurinn galdraði mig í burtu“ og annar sagði að leiðinlegast var „þegar Múmían borðaði mig.“

### **Niðurstöður verkefnisins:**

Markmiðin náðust og er niðurstaðan er sú að hægt er að aðlaga klippimyndastarf að getu og áhuga leikskólabarna eins sjá má á DVD diskinum. Börnin þurfa aðstoð við gerð myndarinnar en þau geta samið sjálf handritið, búið til persónur og leikmynd og tekið myndina upp með aðstoð kennara. Börnin höfðu mjög gaman af þessari vinnu og voru mjög stolt af afrakstrinum.

Þetta hefur haft þau áhrif að ég er núna búin að læra hvernig á að búa til klippimyndir með leikskólabörnum og mun halda áfram að vinna þær í leikskólanum og þróa þær áfram t.d. að nota leir til þess að búa til persónur og leikmynd. Einnig væri gaman að fá börnin til þess að búa til leikna stuttmynd þar sem þau semja sjálf handrit, búa til leikmynd og búninga og leika hlutverkin. Næsta vetur mun ég halda áfram að vinna með klippimyndaverkefni á Stubbaseli. Þar verður unnið með 6 börn í elsta hópnum (börn fædd 2007)

Þegar ég var að vinna að verkefninu í Skólatröð þá var ég um leið að kenna Gunnhildi Magnúsdóttir sem er leikskólakennari að gera klippimyndaverkefni og fylgdi hún mér í þessari vinnu. Fleiri kennarar hafa sýnt þessu áhuga og gæti verið að ég muni leiða fleiri kennara áfram í þessu starfi.

### **Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum**

Í upphafi var sendur póstur til foreldra þar sem verkefnið var kynnt. Í lokin þegar myndirnar voru tilbúnar var foreldrum boðið að sjá þær. Börnin á Stubbaseli sýndu sínar myndir á opnu húsi þann 11.maí 2011. Börnin í Skólatröð sýndu sínar myndir þann 25.maí 2011 á útskriftardaginn. Að lokum fengu öll börnin myndirnar sem allir hóparnir gerðu á DVD formi.